

# Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

19. september 2016 kl. 8:15

Mættir voru: Alfreð Gústaf Maríusson, matráður, Bryndís Jónsdóttir foreldrafulltrúi, Halla Björk Marteinsdóttir foreldrafulltrúi, Halldór Sigurjónsson, húsvörður, Hekla Hannibalsdóttir, skólastjóri, Halldór Sigurjónsson, húsvörður Lovísa Hannesdóttir, kennari, Smári Þorbjörnsson, kennari, Þorvar Hafsteinsson, formaður foreldrafélagsins og Edda Gíslrún Kjartansdóttir, aðstoðarskólastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fulltrúar nemenda mættu ekki á fundinn.

## 1. Skólabyrjun

Fram kom að skólabyrjun hafi að mestu leyti gengið vel fyrir utan að manna ráðningar hafa dregist og þeim var ekki lokið þegar þessi fundur var haldinn.

Margir nýir að byrja í Stjörnuheimum og reynt fólk að hætta, stærðfræðikennari á unglíngastigi fór í leyfi.

## 2. Skólalóðin

Rætt var um rafræna kosningu um mikilvæg verkefni hjá Kópavogsbæ. Fundarmenn telja að verkefnið „Skólahreystibraut við Vatnsendaskóla“ hafi hlotið brautargengi og komi því til framkvæmda.

Fram kom að skólalóðin er ófullnægjandi og öryggi hennar ábótavant. Það vantar t.d. girðingu við Vatnsendaveg og grasbrekkann niður að skólanum skapar oft hættu vegna mikillar hálfu. Líklegt er talið að ekki verði farið í miklar framkvæmdir við skólalóðina fyrr en byggingarframkvæmdum verður lokið.

Einnig var rætt um að vegna byggingarframkvæmda hefur þrengt að lóðinni og nemendur virða ekki girðingar utan um byggingarsvæðið. Ljóst er að ítreka þarf beiðni um að setja upp net við enda fótboltavallar til að varna þess að fótboltar fari inn á byggingarsvæðið.

## 3. Matarmál

Alfreð sagði frá því að eldað sé að mestu úr eins fersku hráefni og hægt er. Fæst matvælin innihalda langtíma geymsluþöfnun.

Ákveðið var að þessar upplýsingar þurfi að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans.

## 4. Önnur mál:

Ítrekað var erindi frá foreldri um að mögulegar rakaskemmdir í einni kennslustofu verði skoðaðar. Húsvörður sagði að von væri á eftirlitsmanni síðar í vikunni.

Spurt var hvort orðið hafi aukning á því að börn hjóli hjálmlaus. Skólinn hefur ekki skoðað það hvort aukning hafi orðið, en það er ljóst að nokkuð er um það að börn séu hjálmlaus bæði á reiðhjólum og rafmagnsvespum.

Lagt til að fá lögregluna í skólann sem fyrst til að brýna hjálmanotkun fyrir nemendum.

Spurt var um nemendaráð og lögð áhersla á að styðja þurfi nemendur við að setja lög nemendafélagsins og setja reglur um kosningu í skólaráð. Stjórn nemendaráðs á að huga að fleiru en skemmtunum.

Fundardagar vetrarins voru festir niður og verða eftirfarandi:

3.10.

7.11.

5.12.

6.2.

6.3.

3.4.

8.5.

Allir fundirnir hefjast kl. 8:15.

Fundi slitið 9:00